

Fimmtudaginn 29. mars 1984

Nr. 109/1982. **Svavar Jóhannsson**

(Arnmundur Bachman hdl.)

gegn

Trésmiðjunni Akri h/f

((Jónas Haraldsson hdl.)

Kaupgjaldsmál. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. apríl 1982 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 3.358.45 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. maí 1979 til 1. júní s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 23. nóvember s.á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms, en síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma. Til vara krefst hann 1.623.38 króna með sömu ársvöxtum og í aðalkröfu greinir. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum áfrýjanda í málinu, en til vara að krafa áfrýjanda verði lækkuð í 2.145.75 krónur. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Enda þótt drykkjusýki (alcoholismus chronicus) kunni að teljast

sjúkdómur í skilningi læknisfræði, hafa fjarvistir manna frá vinnu vegna áfengisneyslu eða drykkjuhneigðar lengst af verið virtar að lögum á annan veg en fjarvistir vegna veikinda eða slysa. Áfrýjandi, sem gagngert reisir kröfur sínar á ákvæði 3. tl. 7. greinar kjarasamnings byggingamanna frá 22. júní 1977, miðar og við það, að ekki hafi átt að beita því ákvæði um fjarvistir starfsmanns frá vinnu vegna drykkjusýki, nema hann hefði á fjarvistartímanum sætt lækni meðferð á sjúkrastofnun til að vinna bug á áfengishneigð sinni. Endranær hafi drykkjusjúkur starfsmaður ekki átt rétt til launa, meðan hann var fjarvistum vegna sjúkdóms síns, svo sem vegna áfengisneyslu eða afleiðinga hennar.

Ekkert bendir til þess, að við gerð áðurgreinds kjarasamnings hafi því verið hreyft, að til þess væri ætlast, að ákvæðum hans um launagreiðslur í veikindum bæri að beita um fjarvistir starfsmanna vegna drykkjusýki fremur en tíðkast hafði. Hefði þó, vegna þess, sem að framan er greint, verið ástæða til þess fyrir samningsaðilja að láta það sérstaklega koma fram, ef þeir ætluðust til þess, að svo yrði gert.

Þegar framangreint er virt, þykir eiga að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandi sagði upp starfi sínu hjá stefnda 27. febrúar 1979, og er ekki ágreiningur um, að samkvæmt því lyki ráðningu hans 31. mars s.á. Samkvæmt frásögn áfrýjanda sjálfs var hann ölvaður 9.-11. mars 1979, en mánudaginn 12. mars fór hann af sjálfsdáðum á meðferðarheimili í Reykjadal í Mosfellssveit. Engin gögn liggja fyrir um, að áfrýjandi hafi þá verið ófær til vinnu, er hinni tíma-bundnu ölvun lauk, en algengt virðist hafa verið að hann væri ölvaður um helgar.

Af framburði eiginkonu áfrýjanda má ráða, að hann hafi neytt áfengis í óhófi, en samkvæmt læknisfræðilegum gögnum málsins er ekki óhjákvæmilegt, að það sé sama og drykkjusýki.

Í málinu liggja ekki fyrir læknisvottorð, sem vistun á meðferðarheimilinu byggist á. Ég tel því hvorki í ljós leitt, að áfrýjandi hafi verið óvinnufær, er hann fór til dvalar á meðferðarheimilinu 12. mars 1979 né að dvöl hans þar á þessum tíma hafi verið nauðsynleg.

Samkvæmt þessu er ég sammála niðurstöðu meiri hluta dómenda í máli þessu.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um niðurstöðu, en ekki um forsendur. Ég tel, að forsendur dómsins ættu að vera eins og segir hér á eftir:

Svo sem lýst er í héraðsdómi hafði áfrýjandi á síðustu 12 mánuðum, áður en hann lét af störfum, aðeins verið 3½ dag fjarverandi frá vinnu vegna veikinda. Hann sagði upp starfi sínu 27. febrúar 1979, og er ekki ágreiningur um, að samkvæmt því lyki ráðningu hans 31. mars s.á. Samkvæmt frásögn áfrýjanda sjálfs var hann ölvaður helgina 9.-11. mars 1979, en mánudaginn 12. mars fer hann af sjálfsdáðum, en fyrir fortölur bróður síns að því er hann segir, á meðferðarheimili í Reykjadal í Mosfellssveit. Engin gögn liggja fyrir um, að hann hafi þá verið ófær til vinnu, er hinni tímabundnu ölvun lyki, en ölvun um helgar virðist hafa verið allalgeng áður, án þess að það skerti vinnugetu hans á virkum dögum.

Í málinu liggja ekki fyrir læknisvottorð, sem innlagnir á meðferðarheimili byggist á, og í þeim læknisvottorðum, sem lágu fyrir héraðsdómi, er aðeins í einu, þ.e. vottorði Reynis Þorsteinssonar, heilsugæslulækni á Akranesi, frá 31. janúar 1980 tekið fram, að áfrýjandi hafi verið óvinnufær á tímabili því, sem þetta mál varðar, og er hann þar talinn óvinnufær, þar sem hann dvaldist á meðferðarheimili.

Í læknisvottorðum þeim, sem lögð hafa verið fram í málinu, er áfrýjandi talinn hafa verið haldinn drykkjusýki, sem ýmist er nefnd alkoholismur chronicus eða etylismur chronicus. Í engu af vottorðum þessum er sjúkdómsgreining rökstudd með vitneskju vottorðs-

gjafa fyrir eigin athugun um hegðun áfrýjanda fyrir innlagningu á meðferðarheimili eða með líkamlegum einkennum drykkjusýki, sem komið hafi í ljós við læknisrannsókn. Verður ekki séð annað af vottorðunum en að sjúkdómsgreiningin sé byggð á frásögn áfrýjanda sjálfs eingöngu. Í bréfi Brynleifs Steingrímssonar læknis frá 31. janúar 1981 segir m.a. svo: „Það kemur fram greinileg ofdrykkja í sögu hans en auk þess einkenni um drykkjusýki sem eru minnisgöpin og túradrykkja, þ.e. áfengisneysla a.m.k. tvo daga í röð“. Ljóst er af orðalagi bréfs þessa, að niðurstaða læknisins er eingöngu byggð á frásögn áfrýjanda, bæði að því er varðar ofdrykkju og drykkjusýki.

Um ástand og hegðun áfrýjanda, áður en hann lagðist inn á meðferðarheimili 12. mars 1979, eru ekki aðrar upplýsingar í málinu er frásögn hans sjálfs, 2 samstarfsmanna, þ.e. verkstjóra og framkvæmdastjóra stefnda, og eiginkonu áfrýjanda. Af framburðum samstarfsmanna verður ekki ráðið af um áfengisvandamál, þó að reglusemi áfrýjanda í að sinna vinnuskyldu gefi vísbendingu í aðra átt en frásögn hans sjálfs, og af framburði eiginkonu má ráða óhóflega áfengisneyslu, en hvorki er hún samkvæmt læknisfræðilegum gögnum málsins hið sama og drykkjusýki né þarf hún óhjákvæmlega að leiða til drykkjusýki. Áfrýjandi var 26 ára gamall.

Áfrýjandi fór af sjáfsdádum á meðferðarheimili án undangenginnar læknisrannsóknar. Læknisvottorð þau, sem fyrir liggja í málinu um sjúkdómsgreiningu, bera ekki með sér, á hverju þau séu byggð öðru en frásögnum áfrýjanda sjálfs, og framangreint bréf Brynleifs læknis Steingrímssonar bendir gagnert til þess, að frásögn áfrýjanda hafi verið lögð til grundvallar, bæði um þau atriði, sem ofdrykkja yrði byggð á og einnig um þau atriði, sem lögð yrðu til grundvallar um sjúkdómsgreininguna drykkjusýki.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, er ekki sannað, að innlagning áfrýjanda á meðferðarstofnun hinn 12. mars 1979, sem hann framkvæmdi sjálfur án fyrirfram gerðrar læknisfræðilegrar rannsóknar, hafi verið bráðaðkallandi eða áfrýjandi þá verið óvinnufær, þó að hann gæti síðan ekki sinnt vinnuskyldu á Akranesi, eftir að hann var orðinn vistmaður á stofnun í Mosfellssveit. Ber því þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda í málinu.

Verður því staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms.

Með skírskotun til 178. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 þykir mega fella málskostnað niður.

Dómur bæjarþings Akraness 10. nóvember 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. október sl., hefir Svavar Jóhannsson trésmiður, Heiðarbraut 16, Akranesi, höfðað fyrir bæjarþingi Akraness með stefnu, útgefinni 19. nóvember 1979 og birtri 21. nóvember s.á., gegn Trésmiðjunni Akri h.f., Akranesi.

Dómkröfur stefnanda voru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 4.612.50 auk 3% dráttarvaxta á mánuði frá 1. maí til 31. maí 1979, 4% dráttarvaxta frá 1. júní til 31. ágúst, en 4.5% dráttarvaxta á mánuði frá 1. september 1979 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi stefnukröfu sína um kr. 1.254.05, eða í kr. 3.358.45, ásamt vöxtum af þeirri fjárhæð sem að framan greinir. Af hálfu stefnanda var eigi gerð sjálfstæð varakrafa í málinu, en við munnlegan flutning málsins var lýst yfir af hans hálfu, að það væri auðvitað ljóst, að í stefnukröfu fælist einnig krafa um allt, sem minna væri, ef ekki yrði á hana fallist, eins og hún kemur fram.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Til vara er þess krafist af hálfu stefnda, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð bæði hvað tekur til höfuðstóls og vaxtafótár.

Sáttatilaunir voru gerðar með aðiljum málsins fyrir dóminum, en án árangurs.

II.

Málavextir.

Stefnandi máls þessa, Svavar Jóhannsson er fæddur á Akranesi 01.06. 1952. Hann er trésmiður að iðn og hafði unnið stöðugt hjá stefnda, Trésmiðjunni Akri h.f., Akranesi, frá maímánuði 1975 þangað til í mars 1979. Upplýst er, að stefnandi hafði mætt mjög reglulega til vinnu hjá stefnda og síðustu 12 mánuðina, áður en hann lét af störfum, var hann aðeins 3½ dag frá vinnu vegna veikinda.

Hinn 27. febrúar 1979 kom stefnandi að máli við framkvæmdastjóra hins stefnda félags, Stefán Teitsson, og sagðist hafa hug á að láta af störfum hjá fyrirtækinu. Um leið afhenti stefnandi honum uppsagnarbréf, dags. sama dag. Kvaðst framkv.stjórinn hafa skilið það þannig, að stefnandi

hygðist láta af störfum 31. mars, eins og uppsagnarfrestur stóð til. Stefnandi gaf til kynna, að ástæður uppsagnarinnar væru af persónulegum toga spunnar og að hann ætlaði aða flytja úr byggðarlaginu. Taldi Stefán, að stefnandi hefði tryggt sér vinnu hjá verkataka við byggingaframkvæmdir á Hvanneyri og hefði hann hringt og spurst fyrir um stefnanda.

Skal nú rakin skýrsla stefnanda fyrir dóminum. Hann kveðst hafa minnst á það við Stefán Teitsson, að erfiðleikar væru í hjónabandi sínu, en hann hafi ekki minnst á áfengisvandamál sín, sem var þó hin raunverulega ástæða uppsagnarinnar. Stefnandi sagðist þá síðustu mánuðina oft hafa neytt áfengis daglega eftir vinnutíma heima eða að heiman og hafi hann oft drukkið einn, því að hann hafi ekki átt neina sérstaka drykkjufélaga. Um helgar hafi hann og neytt áfengis og þá stundum tvo til þrjá daga í röð. Kvað hann þetta hafa valdið miklum erfiðleikum í heimilislífi. Stefnandi fékk fri í vinnu sinni 9. mars 1979. Fór hann til Reykjavíkur þann dag og keypti áfengi og fór strax að neyta þess. Sunnudaginn 11. mars fór hann til bróður síns í Mosfellssveit og var þá enn ölvaður. Bróðir stefnandi fékk hann til þess að tala við mann frá AA samtökunum, og varð það að ráði, að stefnandi fór næsta dag, mánudaginn 12. mars, á afvötnunarheimilið í Reykjadal í Mosfellssveit til meðferðar. Þar dvaldi hann til 28. mars, er stefnandi fór á meðferðarheimili Samtaka áhugafólks um áfengisvandamálið — S.Á.Á. — að Sogni í Ölvusi og var þar til 24. apríl 1979.

Eigi er um það deilt í máli þessu, að stefnandi dvaldi á stofnunum þessum undir lækni hendi þennan tíma.

Stefnandi kvað heilsufar sitt hafa verið mjög slæmt síðustu mánuðina, áður en hann leitaði sér lækningar. Hann hafi árangurslaust gert tilraun til að hætta áfengisneyslu. Hann hafi þó ekki leitað til lækni eða AA samtakanna til hjálpar í ölvunarvandamálum sínum. Eiginkona hans og foreldrar hafi vitað um ástand hans. Hann hafi sagt konu sinni, að hann vildi fá skilnað og fara á brott og hann hafi verið kominn í sjálfsmorðshugleiðingar. Stefnandi kvaðst þó ávallt hafa reynt að mæta í vinnu, en drykkjuhneigð sín hafi ávallt verið einn feluleikur.

Meðan á meðferðinni stóð, sagðist stefnandi hafa talað í síma við verkstjóra sinn, Gísla Sigurðsson. Hafi orðið að samkomulagi þeirra á milli, að stefnandi byrjaði aftur að vinna hjá stefnda eftir meðferðina, og hafi hann talið sig vera endurráðinn hjá stefnda. Eftir hælisdvölinu fór stefnandi á fund vinnuveitanda sinna og varð þá enn að samkomulagi, að hann byrjaði að vinna eftir næstu helgi þar frá. En jafnframt afhenti stefnandi vinnuveitendum sínum vottorð um dvöl sína á fyrrnefndum stofnunum og setti fram kröfu um greiðslu vegna veikinda sinna og sjúkrahúsdvalar.

Eftir nokkra umhugsun var af hálfu stefnda hafnað alfarið að inna þessa

greiðslu af hendi. Þegar stefnandi kvaðst afhenda kröfu sína lögmanni til innheimtu, varð að samkomulagi, að hann myndi ekki hefja störf að nýju hjá stefnda og myndi fyrri uppsögn gilda.

Eiginkona stefnanda, Kristín Snæbjörnsdóttir sjúkralíði, hefir lýst því fyrir dómi, að hann hafi neytt mikils áfengis og oft síðustu 5-6 mánuði, áður en hann fór á vistheimilin. Hann hafi oft neytt mikils áfengis, er hann kom úr vinnu á venjulegum vinnudegi og tíðast um helgar á föstudagskvöldi og laugardögum, en jafnaði sig á sunnudegi og gerði sér far um að mæta til vinnu á mánudögum. Stefnandi hafi yfirleitt farið til Reykjavíkur um helgar og hafi hún eigi getað treyst á hann að gæta barna þeirra, en hún vann að kvöld- og næturlagi á sjúkrahúsinu. Stefnandi hafi ákveðið að fara á brott af heimili sínu og úr bænum.

Vitnið taldi sig hafa átt viðtal við Gísla Sigurðsson, verkstjóra stefnda, mánudaginn 12. mars og skýrt honum frá málavöxtum.

Stefnandi lýsti því fyrir dómi 12. desember 1980, að hann hafi stöðugt verið í vinnu við trésmíði hér í bæ síðan hælsvistinni lauk og hafi hann haldið sig frá áfengisneyslu utan einu sinni í ágúst 1979. Sagðist hann leita sér styrktar og hjálpar hjá AA samtökunum og haldi þannig sjúkdómi sínum í skefjum.

Í aðiljaskýrslu þeirra Stefáns Teitssonar framkv.stjóra og Gísla Sigurðssonar, verkstjóra stefnda, sem þeir hafa staðfest fyrir dómi, segir, að eiginkona stefnanda hafi þriðjudaginn 13. eða miðvikudaginn 14. mars 1979 tilkynnt, að hann væri farinn til dvalar á afvötnunardeild S.Á.Á. í Reykjadal. Komu þessi tíðindi þeim og samstarfsmönnum hans mjög á óvart, þar sem þeir töldu stefnanda þekktan af öðru en óreglu. Hann hafi mætt mjög vel til vinnu, eins og að framan er rakið. Það hafi aldrei komið fyrir, að menn merktu, að stefnandi hefði neytt áfengis við vinnu eða væri bagaður af því að nokkru leyti, og gaf hann það aldrei til kynna, svo að kunnugt væri. Stefnandi talaði við Gísla í síma frá vistheimilinu og spurði, hvort mögulegt væri, að hann fengi aftur vinnu hjá stefnda eftir meðferðina. Var því tekið líklega og ákveðið að ræða það mál síðar. Eftir dvölina á Sogni kom stefnandi að máli við Gísla verkstjóra. Var þá nánast fastmælum bundið, að stefnandi gæti hafið störf á ný. Stefnandi kom svo viku síðar og setti þá fram kröfu um greiðslur fyrir þann tíma, sem hann var í meðferð hjá S.Á.Á., eins og um veikindi hefði verið að ræða. Þetta hafði stefnandi ekki nefnt fyrr og það hafði ekki hvarflað að þeim forsvarsmönnum fyrirtækisins að telja þetta veikindi og auk þess hafi stefnandi sagt starfi sínu lausu. Stefnanda var því tilkynnt, að ekki kæmi til greina að greiða þetta sem veikindi, en af hálfu fyrirtækisins kæmi til álíta að styrkja stefnanda eitthvað fjárhagslega vegna tekjutapsins. Því hafnaði stefnandi alfarið og sagðist myndu sækja málið af fullri hörku. Vildi hann því eigi hefja störf

að nýju, eins og ráð hafði verið fyrir gert, og var sammála því að láta fyrri uppsögn standa óbreytta.

Eins og nánar verður lýst síðar byggir stefnandi kröfur sínar á því, að hann hafi að læknisráði farið á meðferðarheimili vegna sjúkdóms, drykkjusýki, sem hafi háð honum svo, að hann hafi verið orðinn óvinnufær. Þessu til stuðnings hefir af hálfu stefnanda verið aflað ýmissa skjala og gagna og lagt fram í dómnum.

Samkvæmt tveimur vottorðum Reynis Þorsteinssonar heilsugæslulæknis, Akranesi, dags. 12.11.1979 og 31.01.1980, var stefnandi í meðferð á vegum S.Á.Á. vegna alcoholismus á meðferðarheimili í Reykjadal og Sogni dagana 12.3. til 25.4.1979 og var hann óvinnufær þennan tíma.

Samkvæmt tveimur vottorðum Þórarins Tyrfinngssonar læknis var stefnandi á Sjúkrastöð S.Á.Á. framangreindan tíma og reyndist haldinn sjúkdómnum alcoholismus chronicus og fékk meðhöndlun samkvæmt því.

Samkvæmt vottorði Brynleifs H. Steingrímssonar læknis vegna umsóknar um sjúkradagpeninga var stefnandi óvinnufær 12.3. til 25.4.1979 og var haldinn sjúkdómnum etyllum chronicus.

Samkvæmt vottorði Rafns Ragnarssonar heilsugæslulæknis, Akranesi, dags. 4.3.1981, hefir stefnandi fengið sjúkdómsgreininguna etyllum chronicus, eða alcoholismus chronicus, sem hvort tveggja útleiggst á íslensku sem drykkjusýki, og verið meðhöndlaður sem slíkur.

Lögmaður stefnanda leitaði með bréfi, dags. 8.2.1980, til landlæknis, Ólafs Ólafssonar, um, að hann léti í té læknisfræðilega álitsgerð embættisins og þeirra starfshópa íslenskra lækna, sem helst þekkja til þessara mállefna, um drykkjusýki almennt og sjúkdóm og mál stefnanda sérstaklega.

Svar landlæknis, dags. 14.03.1980, er svohljóðandi:

„Vegna fyrirspurnar yðar um rétt umbjóðanda yðar til greiðslu veikindadaga v. áfengisneyslu skal eftirfarandi fram tekið. Skoðanir manna eru skiptar um orsakir áfengissýki, en allir eru sammála um, að áfengissýki getur valdið andlegri og líkamlegri sköddun. Ef svo er komið skiptir ekki máli þótt skoða megi áfengissýki sem sjálfskaparvíti.

Ýmsir sjúkdómar orsakast af venjum og siðum t.d. reykingum, ofáti o.fl., sem flokka má undir sjálfskaparvíti. Ef líkamlega eða andlega veikir einstaklingar af framangeindum orsökum dveljast á sjúkrahúsum eða meðferðarstofnunum samkvæmt læknisráði, ber þeim fullur réttur til allra bóta sem sjúkratryggingar og lífeyristryggingar eiga að inna af hendi. Jafnframt eiga þeir rétt á dagpeningagreiðslum.

Einstaklingar sem hafa til langframa skerta starfsgetu eru metnir til örorku vegna sjúkdóms, lög um almannatryggingar eru ótvíræð í því máli.

Í samræmi við það sem að framan greinir sýnist mér eðlilegt, að einstaklingur er dvelst á sjúkrahúsi vegna áfengissýki, eigi rétt á launum meðan

á dvöl hans stendur. Mörg dæmi eru fyrir því að svo hafi verið gert hér-
lendis.“

Í bréfi Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis, dags. 5.3.1980, sem er
stílað til landlæknis segir:

„Í alþjóðameinaskránni (International clarification of Diseases) er of-
neysla áfengis (alcoholismus) flokkað, í nokkrum liðum sem sjúkdómur.
Ekki þykir ástæða til skilgreiningar á drykkjusýki, enda standa hér naumast
efni til þess. Bent skal á, að í samræmdri reglugerð Sambands almennra
lífeyrissjóða segir svo: Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyf-
i-
eða fíknilyfja, skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma.

Sjúkratryggingar greiða fyrir alla tryggða sjúklinga á sjúkrastofnunum að
fullu, hvort sem þeir eru haldnir drykkjusýki eða öðrum sjúkdómum.
Einnig eru greiddir fullir dagpeningar til slíkra sjúklinga.

Þeir sjúklingar sem hafa til langframa skerta vinnugetu og fullnægja að
öðru leyti ákvæðum 12. gr. laga um almannatryggingar eru metnir til
örorku, vegna sjúkdóms, sem veldur skertri vinnugetu, hvort sem sá sjúk-
dómur er drykkjusýki eða annar sjúkdómur.“

Þá leitaði lögmaður stefnanda til Brynleifs H. Steingrímssonar læknis,
Selfossi, en hann hafði eftirlit með stefnanda sem sjúklingi að Sogni.

Í bréfi lögmannsins, dags. 14.10.1980, segir:

„Tilskrif þetta til yðar er í þeim eina tilgangi gert að leita aðstoðar yðar
þar sem okkur vantar mjög nauðsynlega einhvers konar læknisfræðilega
álitsgerð, þar sem fram kæmi skilgreining á alcoholismus sem sjúkdómi
og hvernig þetta sjúkdómstilfelli er í dag lagt að jöfnu við hvers konar
aðra sjúkdóma, sem Tryggingastofnun ríkisins viðurkennir sem bótaskylda
og sem eru grundvöllur að greiðslu veikindalauna eins og í öðrum venju-
legum veikindatilvikum, sem gera sjúklinga ófæra til starfs meðan sjúkleiki
varir.

Tilgangur okkar er sá að sýna fram á fyrir dómi, að alcoholismus eða
meðferð á slíkum sjúkdómi skuli lögð að jöfnu við önnur sjúkdómstilvik.“

Svar læknisins, sem er dags. 25.10.1980 er álitsgerð varðandi skýrgrein-
ingu á alcoholismus sem sjúkdómi.

Það er ótvírátt álit læknisins, að ofdrykkjuhneigð á ákveðnu stigi sé sjúk-
dómur, er hann nefnir drykkjusýki. Hann segir:

„Alcoholismus chronicus (drykkjusýki) er ávanamyndaður sjúkdómur
með líkamlegum einkennum og er í flokki annarra ávanamyndaðra sjúk-
dóma.“ Þá bendir hann á, að í bókinni Alcoholim eftir Parker og Luger-
man, 1976, sé eftirfarandi vinnuskýrgreining gefin, í löggilti skjalabýðingu:
„Drykkjusýki er tímabundin eða stöðug notkun áfengis, sem samfara er
líkamleg eða sálræn árátta eða skaðleg verkun að því er varðar andlegan
eða líkamlegan þrótt eða félagslega virkni.“ Og í tilvitnun læknisins í

skýrslu nefndar á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, sem fjallaði sérstaklega um alcoholismus, segir 1952, í löggilttri skjalapýðingu: „Drykkjusjúklingar eru þeir, sem neyta áfengis í óhófi, og drykkjuárátta þeirra er komin í það stig, að geðrænnar truflunar er farið að gæta eða þá að áráttan hefir orðið áhrif á líkamlegt og andlegt heilsufar þeirra, afstöðu þeirra til annars fólks og hindrar að félagsleg og efnaleg samskipti séu með eðlilegum hætti. Þá eru þeir drykkjusjúkir, sem sýna undanfarar-einkenni af þessu tagi. Þeir þurfa því á meðferð að halda.“

Varðandi stefnanda máls þessa sérstaklega segir læknirinn í álitserð sinni: „Ég tel að sjúklingur, sem hlotið hefir meðferð vegna alcoholismus chronicus og hafi læknisvottorð um það, sé ótvírátt í læknisfræðilegum skilningi haldinn sjúkdómi, sem hann getur ekki talist á nokkurn hátt sekur um eða talist til sjálfskaparvitis, þar sem honum er sjálfum ókunnugt um þær afleiðingar, sem áfengisneysla hans gat leitt til, enda er þessi sjúkdómur óskýrður þegar hann byrjar drykkju a.m.k. er þekking á honum ekki almenn á Íslandi.

Rétt er að gera mun á ofdrykkju og drykkjusýki, þó að tengsl sé hér á milli. Ofdrykkja leiðir í minna en 10% tilfella til drykkjusýki.“

Í sjúkraskrá stefnanda frá Sogni, þar sem hann dvaldi 28.3. til 24.4.1979, segir, að hann hafi byrjað að neyta áfengis við 15-16 ára aldur. Hann var farinn að neyta áfengis við flest tækifæri 20-21 árs og 18-19 ára fór hann að nota áfengi sem afréttara og fer að fá minnisglöp vegna áfengisdrykkju við 25 ára aldur. Brynleifur H. Steingrímsson læknir, sem færði sjúkraskrá stefnanda, segir: „Það kemur greinileg ofdrykkja fram á sögu hans, en auk þess einkenni um drykkjusýki sem eru minnisglöpin og túradrykkja, þ.e. áfengisneysla a.m.k. í tvo daga í röð.“

Vegna fyrirspurnar af hálfu stefnda í máli þessu til sjúkrasamlags Reykjavíkur um, hvort það greiddi sjúkradagpeninga, ef skilyrði væru fyrir hendi, án tillits til þess, af hvaða ástæðu vistun stafar, segir m.a. í bréfi sjúkrasamlagsins, dags. 9. mars 1981: „Almennt er greiðsla sjúkradagpeninga ekki við það miðuð, að samlagsmaður hafi lagst inn á viðurkennda sjúkrastofnun. Nægjanlegt er að fullsannað sé talið, að samlagsmaður hafi verið óvinnufær vegna veikinda. Hvað áfengissjúklinga snertir, hefir ekki verið miðað við störf þeirra síðustu tvo mánuðina áður en þeir urðu óvinnufærir. Heldur hefir verið út frá því gengið, að eðli áfengissjúkdómsins vegna, þá hafi þeir ekki getað stundað vinnu og hafi upphaflega látið af störfum af hans völdum. Hvað þessa sjúklinga snertir, hefir hins vegar greiðsla verið miðuð við það að þeir hafi leitað sér meðferðar á viðurkenndri sjúkrastofnun og að öðrum kosti eru dagpeningar ekki greiddir.“

Aðiljar máls þessa hafa lagt fram í málinu gögn frá Alþýðusambandi Danmerkur, Norska Alþýðusambandinu, Sænska Vinnuveitendasamband-

inu og Vinnuveitendasambandi Finnlands. Má segja, að samkvæmt gögnum þessum sé yfirleitt litið á drykkjusýki sem sjúkdóm á Norðurlöndum, en greiðsla veikindalauna vegna þessa er með misjöfnum hætti. Verða gögn þessi eigi rakin hér nánar, þar sem efni þeirra verða eigi talin hafa verulega þýðingu í máli þessu.

III.

Eins og að framan greinir, byggir stefnandi kröfur sínar í máli þessu á því, að hann hafi að læknisráði farið á sjúkrahús 12. mars 1979 vegna sjúkdóms, drykkjusýki, sem hann hafði átt við að stríða þá undanfarið og hafi ágerst svo, að hann var orðinn óvinnufær og óhjákvæmilegt var talið annað en hann fengi meðferð á sjúkdóminum. Stefnandi dvaldi á meðferðarheimili til 25. apríl 1979.

Með framangreindum álitserðum og vottorðum lækna og öðrum gögnum sé sannað, að drykkjusýki sé sjúkdómur, og einnig, að stefnandi hafi verið haldinn slíkum sjúkdómi og verið óvinnufær af þeim sökum. Hafi stefnandi því átt lögvarinn rétt til veikindalauna samkvæmt kjarasamningi Sambands byggingamanna frá 22. júní 1977, sbr. 7. gr. laga nr. 16, 1958, sem giltu á þeim tíma, er hér um ræðir, sbr. nú lög nr. 19, 1979. Í gr. 7.3. í kjarasamningi segir, að í veikinda- og slysatilfellum skal launþegi, sem nýtur réttar samkvæmt lögum nr. 16, 1958 eiga rétt á launum fyrir dagvinnu í allt að 49 almanaksdögum á hverjum 12 mánuðum. Einnig skal þá greiða launþega fasta eftirvinnu, ef um hana er að ræða, eða eftirvinnu í sama hlutfalli og hann hefir unnið eftirvinnu á síðustu 10 vikum, áður en hann forfallaðist sökum veikinda eða slyss.

Réttur stefnanda sé því ótvíræður til veikindalauna, enda sé þess ekki getið í kjarasamningi né í fyrrnefndum lögum, að einhver sérstakur sjúkdómur sé undanskilinn í þessu sambandi. Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Vikan 11/3 til 17/3 1979:

Dagvinna 40 klst. × kr. 1.328.-	kr. 53.120.-
Eftirvinna 8 klst. × kr. 1.617.-	— 12.936.-

Vikan 18/3 til 24/3:

Sami vinnutími og kaup	— 53.120.-
	— 12.936.-

Vikan 25/3 til 31/3:

Sami vinnutími og kaup	— 53.120.-
	— 12.936.-

Vikan 1/4 til 7/4:

Sami vinnutími og kaup	— 53.120.-
	— 12.936.-

Vikan 8/4 til 14/4:

Dagvinna sama	— 53.120.-
Eftirvinna 6 klst. $\times$ 1.617.-	— 9.702.-

Vikan 15/4 til 21/4:

Dagvinna sama	— 53.120.-
Eftirvinna 4 klst. $\times$ kr. 1.617	4.043.-

Vikan 22/4 til 28/4:

Dagvinna 24 klst. $\times$ 1.328.-	— 31.872.-
Eftirvinna 6 klst. $\times$ kr. 1.617.-	— 9.702.-

Dagvinna samtals	kr. 350.592.-
Eftirvinna samtals	— 75.191.-
Orlof 8.33%	— 35.467.-
Samtals	kr. 461.250.-

Frá dregst greiðsla

frá Sjúkrasamlagi Akraness	kr. 125.405.-
----------------------------------	---------------

Alls kr. 335.845.-,

sem var endanleg kröfugerð stefnanda, nýkr. 3.358,45.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að fjarvistir stefnanda frá vinnu sökum drykkjusýki skapi eigi greiðsluskyldu stefnda, þar sem hér sé eigi um sjúkdóm að ræða í skilningi laga nr. 16/1958 né heldur í skilningi kjarasamnings Sambands byggingamanna frá 22. júní 1977. Engir kjarasamningar geri ráð fyrir því, að veikindi, slys eða óhöpp, sem sannanlega stafa af drykkjuskap eða neyslu vímugjafa, valdi greiðsluskyldu vinnuveitanda, ef af þessu hljóttist fjarvistir úr vinnu. Aðiljar vinnumarkaðarins hafi aldrei litið svo á, að til greina kæmi, að ofdrykkja eða drykkjusýki væri sjúkdómur í skilningi samningsákvæða um launagreiðslur í veikinda- og slysatilfellum. Ýmis samningsákvæði jafnt í kjarasamningum og öðrum samningum aðilja vinnumarkaðarins leiði í ljós, að ofneysla áfengis og skaðlegar afleiðingar hennar, er skipað (sic) með sérstökum hætti. Sem dæmi um sérstakan fyrirvara gagnvart réttindum, ef um drykkjuskap er að tefla, hefir af hálfu stefnda verið bent á niðurlag 2. mgr. 12. gr. samræmdrar reglugerðar Sambands almennra lífeyrissjóða frá árinu 1976, en reglugerð þessi

er samningsatriði aðilja vinnumarkaðarins hverju sinni. En þar stendur: „Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyfi- eða fíknilyfja, skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma.“

Enn gleggra dæmi telur stefndi vera samningsákvæðið í kjarasamningi Sambands byggingamanna frá 1977, gr. 7.4., þar sem fjallað er um skyldu-tryggingu atvinnurekenda á launþegum. Þar segir, að „skilmálar séu almennir skilmálar sem í gildi eru fyrir atvinnuslysátryggingar hjá launþegum hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, þegar þetta samkomulag er gert.“ En í gildandi vátryggingarskilmálum fyrir slysátryggingu launþega segir í 8. gr. b-lið, að félagið bæti ekki „slys er sá, sem tryggður er, verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfi- og eiturflyfja eða í ölaði, nema sannað sé, að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.“

Í vátryggingaskilmálum sjúkratrygginga segir einnig, að vátryggingin nái ekki til sjúkdóma, sem orsakast hafa af notkun áfengis, deyfi- og eiturflyfja.

Af framangreindu sé ljóst, að í samskiptum samtaka vinnuveitenda og verkalyðsfélaga hafa afleiðingar áfengisneyslu jafnan verið undanskildar sem kaupgreiðsluskýlt tímabil, ef ástæða hefir þótt til að taka það fram. Það er þó ekki gert, ef öllum aðilum er ljóst, að þessi tilvik eru undanskilin, en það gildir einmitt um laga- og samningsákvæði um launagreiðslur í veikindum.

Þá megi finna afdráttarlaus ákvæði gildandi löggjafar, sem eru í samræmi við sjónarmið stefnda. Í lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 29, 1956 og 57, 1973 segir í c-lið 16. gr.: „Bætur greiðast ekki þeim, sem misst hafa vinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á svo sem drykkjuskapar-óreglu.“

Í nýjum lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 64, 1981 segir í 21. gr., að þeir eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum, sem misst hafi vinnu af ástæðum, sem þeir sjálfir eiga sök á. En í greinargerð með frumvarpinu segir, að ákvæði þetta sé í fullu samræmi við það, sem verið hefir í framkvæmd. Hér sé því eigi um breytt mat löggjafans að ræða.

Þá hefir stefndi bent á takmarkanir á umsömdum og lögboðnum rétti vegna áfengisneyslu, svo sem í 33. gr. sjóml. nr. 33/1963, er skipstjóra heimilt að víkja skipverja úr skiprúmi, ef hann hefir hvað eftir annað verið drukinn við störf sín.

Af hálfu stefnda hefir verið lagt fram í dóminn reglugerð Sjúkrastyrktar-sjóðs Trésmiðafélags Reykjavíkur. Í 9. gr. reglugerðarinnar segir, að dagpeningar greiðist ekki til félagsmanna, ef um er að ræða veikindi af völdum áfengis eða fíkniefna, skal koma til vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins. Að öðru leyti fari slík mál fyrir stjórn sjóðsins til nánari umfjöllunar.

Telur stefndi, að í þessu ákvæði megi sjá hin gildandi viðhorf í þessu

efni og hér sé veikindum af völdum áfengis ekki jafnað til annarra sjúkdóma. Þau mál þurfi nánari umfjöllunar hverju sinni og sé hér nánast um heimild að ræða, en ekki skyldu til greiðslu dagpeninga. Þessum skilningi hefir verið andmælt af hálfu stefnanda með yfirlýsingu formanns sjóðsins, sem er formaður Trésmiðafélags Reykjavíkur. Í yfirlýsingunni segir, að nokkrir áfengissjúklingar hafi á undanförunum árum notið greiðslna úr sjóðnum og hafi þeir ætíð setið við sama borð og aðrir félagsmenn um greiðslur úr sjóðnum.

Af hálfu stefnda hefir verið leitast við að skýra orðin veikindi í kjarasamningi Sambands byggingamanna frá 22. júní 1977, gr. 7.3., og sjúkdómur í 4. gr. laga nr. 16, 1958, sem vitnað er til í kjarasamningnum. Þykir stefnda sýnt, að skýring á hugtökum þessum komi fram í lögum þeim um almannatryggingar, sem í gildi voru, er lög nr. 16, 1958 voru sett, en það voru lög nr. 24, 1956. Í 62. gr. þeirra laga segir: „Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki, ef ástand það, sem bótaréttur er byggður á, stafar af áfengisneyslu, notkun deyfilyfja eða öðrum orsökum, sem hinn tryggði á sjálfur sök á, beint eða óbeint, með vitaverðu hirðuleysi eða gáleysi . . .“

Þetta hafi verið forsenda laga nr. 16, 1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla að því er varðar framangreind hugtök.

Hér séu afleiðingar af áfengisneyslu undanskildar bótarétti samkvæmt lögum um almannatryggingar og þá einnig samkvæmt lögum nr. 16, 1958. Og sama skilning beri að leggja í gr. 7.3. í kjarasamningi Sambands byggingamanna frá 1977. Og þó að þessu ákvæði hafi verið breytt með lögum nr. 59, 1978, nú 45. gr. laga um almannatryggingar nr. 67, 1971, sé ekki rétt að líta svo á, að það breyti sjálfkrafa þeim reglum, er lúta að greiðsluskyldu hvers einstaks atvinnuveitanda samkvæmt lögum nr. 16/1958 eða kjarasamningum. Þetta hafi ekki verið gert með lögum nr. 19/1979, sem leystu af hólmi lög nr. 16, 1958. Þar sé eigi að finna neitt um breytingar á inntaki réttindanna, sem nauðsynlegt hefði verið, ef ætlunin hefði verið að breyta fyrri skilningi til samræmis við breytt lög um almannatryggingar. Skýringarreglur við nefnd hugtök standi því enn óbreytt frá því sem var við setningu laga nr. 16, 1958 og í gildi voru, er hælisdvöl stefnanda átti sér stað.

Einnig bendir stefndi á, að í athugasemdum um 5. gr. frumvarps til laga nr. 19, 1979 komi fram, að vinnuveitandi sé ekki greiðsluskyldur í veikindum og slysum, sem stafa af gáleysi eða ásetningi launþegans sjálfs.

Varakröfu sína reisir stefndi á því, að stefnandi hafi sagt upp störfum sínum 27.2.1979 og taki því uppsögnin gildi eigi síðar en 31. mars 1979. Stefnandi hafi talið sig um tíma endurráðinn hjá stefnda eftir hælislvistina,

en samkomulag hafi orðið um að láta fyrri uppsögn gilda. Vinnuréttarsamband stefnanda og stefnda hafi því verið slitið fyrir uppsögn stefnanda 31. mars 1979, því að eigi verði talið, að veikindi, sem komi til eftir uppsögn, framlengi vinnuréttarsambandinu (sic). Þá telur stefndi, að krafa stefnanda um vanskilavexti styðjist eigi við lög, hér eigi aðeins að koma til almennir vextir.

IV.

Samkvæmt gögnum málsins, álitum og vottorðum lækna er ljóst, að drykkjusýki er sjúkdómur og jafnframt, að stefnandi var haldinn þessum sjúkdómi og var óvinnufær, er hann dvaldi til læknis meðferðar á meðferðarstofnun S.Á.Á. í umrætt sinn.

Samkvæmt lögum um almannatryggingar naut stefnandi bóta sjúkra-trygginga og dagpeningagreiðslu þennan tíma.

Hann telur sig einnig eiga á sama tíma lögvarinn rétt til greiðslu launa frá vinnuveitanda sínum, stefnda í máli þessu, samkvæmt kjarasamningi Sambands byggingamanna frá 22.6.1977, gr. 7.3., svo og lögum nr. 16/1958, þar sem enginn sjúkdómur sé þar undanskilinn, hvorki í nefndum kjarasamningi né lögum. Hér eigi læknisfræðilegt mat að ráða og leggja beri drykkjusýki að jöfnu við aðra sjúkdóma.

Á þennan skilning stefnanda verður þó eigi fallist.

Í fyrrnefndum kjarasamningi og lögum eru orðin sjúkdómur og veikindi eigi skýrgreind nánar. En eins og fram kemur hér að framan í dómi þessum, er upplýst, að á undanförnum árum og áratugum hafa ýmis ákvæði verið í lögum og kjarasamningum, sem sýna, að veikindi vegna áfengisneyslu hafa eigi ávallt notið sama réttar til tryggingabóta og önnur veikindi eða sjúkdómar og gerður hefir verið sérstakur fyrirvari gagnvart réttindum, ef um ofdrykkju eða drykkjusýki væri að ræða. Verður raunar að líta svo á, að það hafi verið ríkjandi venja eða réttur.

Í kjarasamningi Sambands byggingamanna, gr. 7.3., segir, að launþegi, sem nýtur réttar samkvæmt lögum nr. 16, 1958, eigi rétt til launa í veikindatílfellum. Þegar lög nr. 16, 1958 voru sett, voru í gildi lög um almannatryggingar nr. 24, 1956. Samkvæmt þeim lögum voru bætur, sem ætlaðar voru bótaþegum sjálfum, ekki greiddar, ef ástand það, sem bótaréttur var byggður á, stafaði af áfengisneyslu. Fallast verður á þann skilning stefnda, að túlka hafi átt lög nr. 16, 1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests og um rétt þess og fastráðinna starfsmanna til launa vegna sjúkdóms og slysatílfella í samræmi við þágildandi lög um almannatryggingar í þessu efni.

Á síðari árum hafa skoðanir manna á drykkjusýki og möguleikum á

lækningu þess sjúkdóms breyst mjög, enda greiða nú sjúkratryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67, 1971 dvöl drykkjusjúkra á viðurkenndum sjúkrastofnunum svo og dagpeninga. En gegn andmælum stefnda í máli þessu verður eigi á þann skilning stefnanda fallist, að túlka verði umræddan kjarasamning þannig, að stefnandi eigi rétt til veikindalauna vegna forfalla, er stafa af drykkjusýki, þó að það sé í samræmi við nýrri og breytt viðhorf og samkvæmt lögum um almannatryggingar. Og af lögum nr. 19, 1979, sem leystu af hólmi lög nr. 16, 1958, verður eigi ráðið, að um breytt viðhorf löggjafans sé að ræða í þessu efni að því er varðar veikindalaun launþega samkvæmt kjarasamningi.

Þykir krafa stefnanda í máli þessu um veikindalaun í forföllum vegna drykkjusýki hans því ekki eiga næga stöð í kjarasamningi aðilja eða lögum.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir eftir öllum atvikum, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.
Hermann G. Jónsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Trésmiðjan Akur h.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Svavars Jóhannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 30. mars 1984.

Nr. 167/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Grétari Sigurði Árnasyni
(Jón Oddsson hrl.)

Manndráp. Líkamsárás. Brot gegn 220. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.